

Fundargerð 18. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: stofa 257 Langholt, VRÍI, HÍ.

Tími: 17. nóv. 2014 kl. 08:45

Viðstaddir: Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), Gunnar Steinn Jónsson (GSJ), Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ), María Jóna Gunnarsdóttir (MJG) og Sigurbjörn Búi Sigurðsson (SBS)

Dagskrá:

1. Fundargerð 17. Stjórnarfundar
2. Afstaðin vísindaferð til Suðurlands
3. Fundur um framtíð hönnunarregnrannsókna á Íslandi 21. nóvember nk.
4. Kennsla í VAFR málum í HÍ á vorönn
5. Undirbúningur málstofu um verndun náttúruperla gegn skólpmengun
6. Önnur mál

1. Fundargerð 17. stjórnarfundar

Fundargerð 17. Stjórnarfundar VAFRÍ 8. september 2014 var samþykkt.

2. Vísindaferð til Suðurlands

Rætt um vísindaferð til Selfoss. Í ferðinni voru rúmlega 30 manns. Almenn ánægja var með ferðina.

3. Fundur um framtíð hönnunarregnrannsókna á Íslandi 21. nóvember nk.

Fundur með hönnuðum, vísindamönnum og fulltrúum frá Landsvirkjun og Samorku verður haldinn til að ræða áframhald á rannsóknum á hönnunarregni á Íslandi, að frumkvæði Jónasar Elíassonar.

4. Kennsla í VAFR málum í HÍ á vorönn

Rætt var um stöðu kennslu í vatns- og fráveitum og mikilvægi þess að viðhalda kennslu á fagsviðinu innan HÍ. HÓA er búin að leita til aðila til að kenna kúrsinn í vor. Enn vantar kennslu fyrir 5 vikur og rætt var um að hafa samband við EFLU um að taka að sér kennslu sem fæli í sér að rannsaka mögulegar fráveitulausnir fyrir dreifbýli, sem tengist málstofu VAFRÍ (sjá lið 5.)

5. Undirbúningur málstofu um verndun náttúruperla gegn skólpmengun

GSJ lagði fram drög að mögulegum fyrirlesurum. Rætt var um að það vantaði fyrirlestur um mögulegar tæknilausnir, og að nemendaverkefni gæti nýst í það.

6. Önnur mál

HÓA greindi frá að hún yrði í rannsóknamissari í Lundi á vorönn.

Fundi var lokið kl. 10.

Fundarritari: Sigurbjörn Búi Sigurðsson, sigurbjorn.bui.sigurdsson@or.is